

## II. KAFLI

114

25. júní

## 3. gr.

Hverjum jarðarábúanda í lögsagnarumdæmi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, skal heimilt að eyða svartbak með eitri, þó má aðeins láta eitrið í egg, og aðeins leggja hin eitruðu egg út í umflotnar eyjar. Merkja skal eggin orðinu: Eitrað, með lit, sem ekki rennur af.

## 4. gr.

Hver jarðarábúandi skal skyldur að eyða svartbakseggjum í landareign sinni, ef þess er kostur, og skal jarðarábúandi, sem vanrækir þessa skyldu, hvort heldur af ásetningi eða skeytingarleysi, sæta sektum frá 50—300 kr.

## 5. gr.

Bannað er að leggja nokkrar hindranir við því, að hin leyfða eyðing eða eitrun fari fram, eða óviðkomandi mönnum að eyðileggja eitur það, sem lagt hefir verið út fyrir svartbak, og skal hver sá, sem gerist brotlegur gegn þessari grein, sæta 10—100 kr. sekt.

## 6. gr.

Sektir samkvæmt samþykkt þessari skulu renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

115

26. júní

## um hreinsun reykháfa í Borgarneskaupþúni.

## 1. gr.

Sótara skal skipa í Borgarneskaupþúni. Hreppsnefnd Borgarneshrepps skipar sótara og leggur honum til áhöld til sóthreinsunar á kostnað sveitarsjóðs.

## 2. gr.

Sótari skal hreinsa alla reykháfa tvisvar á ári. Í fyrra skiptið á tímabilinu 1.—30. apríl og í síðara skiptið á tímabilinu 1.—30. nóvember ár hvert. Skulu allir húseigendur og leigjendur húsa í kaupþúninu, skyldir að nota sótara til hreinsunar og heimila honum nauðsynlegan aðgang að húsum sínum í því skyni, enda beri sótari ábyrgð á að hreinsun fari fram á hinum ákveðnu tímabilum. Reykháfa má ekki hreinsa með því að brenna sótið innan úr þeim.

## 3. gr.

Aukahreinsun á húsum fari fram, þegar umboðsmaður Brunabótafélags Íslands eða húseigendur óska þess. Er sótara skylt að framkvæma hreinsun innan 5 daga frá því að hann er krafinn um hreinsun. Ofna, eldavélar og pípur frá þeim, ber íbúum

115 herbergjanna að láta hreinsa eins oft og þörf krefur, og er sú hreinsun sóttara óvið-  
26. júní komandi.

## 4. gr.

Sóttara er skylt að líta eftir því þegar hreinsun fer fram, hvort eldstæði og reyk-  
háfar eru í því ástandi, sem krafizt er í gildandi lögum um brunamál, og ber að til-  
kynna umboðsmanni Brunabótafélags Íslands ef misbrestur er á slíku.

## 5. gr.

Hreinsunargjald fyrir hvern reykháf skal í hvert skipti vera:  
Fyrir hverja hæð í húsi 1 króna, en 50 aurar fyrir kjallara og ris, sem ekkert eld-  
stæði er í.

Íbúðarkjallari og íbúðarris telst hæð í húsi.

Verði ágreiningur um gjaldhæð samkvæmt þessu, leggur hreppsnefnd fullnaðar-  
úrskurð á málið.

Eigandi húss ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins, ennfremur leigjandi, ef hann býr  
einn í húsinu. Gjaldið greiðist sóttara þegar eftir hverja hreinsun, nema hreppsnefnd  
geri á því aðra skipun.

Hreinsunargjaldið má taka lögtaki eftir hverja hreinsun.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 85 22. nóvember 1907 og  
tillögum hreppsnefndar Borgarneshrepps til að öðlast gildi 1. október 1940 og birt  
til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. júní 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Páll Pálmason.*

116 Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Steinunnar  
28. júní Auðbjargar Jónsdóttur frá Eyvindarhólum, útgefin á venjulegan hátt 28. júní 1940  
af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Minningarsjóðs Steinunnar Auðbjargar Jónsdóttur frá Eyvindarhólum.**

## 1. gr.

Sjóðurinn skal heita Minningarsjóður Steinunnar Auðbjargar Jónsdóttur frá  
Eyvindarhólum, fæddar 23. ágúst 1871, dáinnar 6. nóvember 1919.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 kr. í bankavaxtabréfi veðdeildar Landsbanka Íslands, að  
nafnverði, gefið af eftirlifandi eiginmanni Steinunnar, Ólafi Ólafssyni, kaupmanni í  
Vestmannaeyjum, og gjafir er sjóðnum kynni að berast síðar.

Greindu bankavaxtabréfi skal komið í peninga, og skal andvirði þess og nú óút-  
teknir vextir af því, lagðir í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.